

## REGLUGERÐ

### **um (9.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.**

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2012, frá 11. febrúar 2012, öðlast eftirsarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb, brómópróplát, klórfenvinfos, endósúlfan, EPTC, eþíón, fenþíón, fómesafen, metabensþíásúrón, metiðaþíón, símasín, tetrádífón og tríforín í eða á tilteknnum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, frá 1. mars 2012, bls. 383.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 460/2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórantranilípról (DPX E-2Y45) í eða á gulrótum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 215.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 508/2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, asetamípríð, sýpródiníl, difenókónasól, dímetómorf, fenchexamíð, prókínasíð, próþíókónasól, pýraklóstróbín, spírotetramat, þíaklópríð, þíametoxam og trifloxystróbín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 232.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 520/2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benalaxyl, boskalíð, búprófesín, karbófúran, karbósúlfan, sýpermetrín, flúópíkólíð, hexýþíasox, indoxakarb, metaflúmísón, metoxýfenosíð, parakovat, prókloras, spírodíklófen, próþíókónasól og soxamíð í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 281.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenýl, deltametrín, etofúmesat, ísópýrasam, próþíókónasól, pýmetrósín, pýrimetaníl og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 325.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetómorf, flúópíkólíð, mandíprópamíð, metrafenón, nikótín og spírotetramat í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 76.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2011 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekínósýl, emamektinbensóat, etametsúlfurónmetýl, flúbendíamíð, flúdíoxóníl, kresoxím-metýl, metoxýfenosíð, nóvalúrón, þíaklópríð og trifloxystróbín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 29. mars 2012, bls. 381.

#### 2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Nr. 347

17. apríl 2012

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. apríl 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2012